

Fjárskilareglugjörð

99
22. júlí

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

I. kafli.

Um afrjetti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr. Um afrjetti.

Þeir eiga afrjett, sem að fornu hafa átt. Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afrjettur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrjetti Flóa- og Skeiðahreppa er sjerstaklega nefndur Skeiðamannaafrijettur.

2. gr. Um upprekstrarskyldu.

Þeir, sem nægilegt afrjettarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir þurfa ekki að hafa heima á sumrum, eða geta fengið leigðan afrjett fyrir hann, skulu reka til afrjettar geldfje sitt, lömb og dilkær, svo og stóðhross, nema þeir hafi afgirt land fyrir þennan fjenað sinn, eða fái leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar til þess að hafa hann í heimahögum.

3. gr. Um upprekstrarbann.

Eigi má reka á afrjett Flóa- og Skeiðamanna fyrir innan Dalsá hross, nema með samkomulagi við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

Enginn má reka fjenað annara manna, nema alrúð geldfje, inn fyrir afrjettargirðingu án leyfis eiganda, fyr en fráfarur eru afstaðnar, og aldrei fráfarðar ær nje hross.

4. gr. Um ítölu.

Enginn má ljá öðrum ítölu sína í afrjetti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sje afrjettarland viðurkent nægilegt. Enginn má heldur leyfa öðrum sumarþeit fyrir afrjettarþje í heimalandi sínu, nema með leyfi allra nágranna sinna og samþykki hreppsnefndar.

5. gr. Um óleyfilegan upprekstur.

Enginn má reka geldfje sitt nje neinn búþening í heimalönd nje afrjettarlönd annara án leyfis þeirra, er eiga.

99
22. júlí

6. gr. Um yrkingu afrjetta.

Enginn má yrkja eða nota afrjettarlönd til annars en beitar að sumrinu, nema með leyfi hreppsnefnda þeirra sveita, er afrjettinn eiga.

II. kaflí.

Um fráfærur.

7. gr. Um fráfærutíma.

Í Gnúpverja- og Hrunamannahreppum skulu fráfærur lamba fara fram á þeim tíma, sem hreppsnefndir ákveða eða bændur koma sjer saman um á fundi. Í Flóa og á Skeiðum er öllum búendum í hverjum hreppi um sig skylt að smala til fráfærna einn og hinn sama dag, en þann dag ákveður hlutaðeigandi hreppsnefnd með ráði hreppsbænda.

8. gr. Um stekkhlaup lamba.

Áður en fráfærð lömb eru rekin til fjalls, skal láta þau hlaupa um stekk eigi skemur en 12 klukkustundir.

III. kaflí.

Um upprekstra til afrjetta.

9. gr. Um rekstartíma.

Í öllum hreppum má reka til afrjettar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfa.

10. gr. Um rekstrarstaði.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrjetti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsbænda. Á Flóamannaafrið skal reka á þessa rekstrarstaði: Sandvíkurhreppur í Kamb; Hraungerðishreppur í Kiljansftjar; Villingaholtshreppur inst á Hestfjallaver; Gaulverjabæjahreppur í Kinnarver; Stokkseyrarhreppur í Kinn; Skeiðahreppur í Fossárdal. Sektum varðar það, ef rekið er á aðra staði, nema sannað sje, að ekki hafi annað verið mögulegt. Geldfje, sem rekið er til afrjettar fyrir fráfærur, skal þó reka aðeins inn fyrir girðingu.

Eyrarbakkahreppur telst hjer með Stokkseyrarhreppi, svo sem þeir væri 99
1 hreppur. Svo er og hvarvetna annarsstaðar í reglugjörð þessari. 22. júlí

11. gr. Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn, eftir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

12. gr. Um rekstrarforingja.

Einn sje foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, sem honum er trúað fyrir, og sjer um, að reglum þessum sje hlýtt. Hann ber ábyrgð á slíku gagnvart hreppsnefnd sinni, en hún aftur gagnvart þeim, er kæra, ef til kemur. Í Skeiða og Flóahreppum tiltaka hreppsnefndirnar foringja þessa og velja til þess valinkunna menn og áreiðanlega.

13. gr. Um tilkynningu rekstra.

Hreppsnefndunum í Skeiða- og Flóahreppum er skylt að tilkynna með nægum fyrirvara hreppsnefndunum í sveitum þeim, sem leið rekstra liggur um, hverja daga lömb eru rekin.

14. gr. Um fjárgæslu meðan á upprekstrum stendur.

Öllum búendum, sem búa nálægt þeim stöðum, sem vant er að reka fje um til afrjettar, er skylt að gæta búsmala síns meðan á rekstrum stendur að eigi lendi hann saman við rekstrana.

15. gr. Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft, sem þörf gjörist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slæjulöndum. Eigi má skilja fje eftir í heimalöndum, sem um er farið, nema brýn nauðsyn sje til sökum þess, að fje sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fje saman við rekstra; fari fje saman við reksturinn og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í bygð er, og er öllum skylt að veita rekstramönnum slíkt lið ókeypis, ef unt er.

16. gr. Um eftirskilið fje í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn skilja fje eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæslu og tilkynna það jafnframt hrepps-

99 nefnd sinni. Ráðstafar hún þá fjenu. Rjett er að hún láti reka fjeð á rjettan 22. júlí afrjett á kostnað þeirra, er fjeð skildu eftir, ef það hefir verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt ef þurfa þykir.

17. gr. Um viðskilnað á rekstrum.

Þá er komið er á hina ákveðnu rekstrarstaði, skal sitja yfir rekstrinum, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa svo fyrir, og ráða þær þá, hve lengi. Að öðrum kosti skulu rekstrarmenn dreifa rekstrinum haganlega og spekja þá.

IV. kaflí.

Um fjallskil.

18. gr. Um skildur til fjallskila.

Öllum, sem sauðfje hafa undir höndum og hross, sem rekin eru til afrjettar, er skylt að taka þátt í fjallskilum, eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um. Heimilt er einnig að leggja nokkurn hluta fjallskila á jarðir, eins þótt þær noti ekkert afrjettinn. Meira en helming fjallskila má þó ekki leggja á jarðir nema brýna nauðsyn beri til að álití hreppsnefndar.

Fjallskil skal leggja á sauðfje og afrjettarhross eftir tölu við fóðurskoðun, nema sannað verði, að það sje flutt úr sveitinni eða fjallskil sjeu gerð af því í öðrum sveitum. Einnig má leggja fjallskil á fje, sem flyst inn í sveitina að vorlagi.

Heimilt er hverjum þeim, sem fjallskilum er jafnað á, að bera upp við hlutaðeigandi hreppsnefnd aðfinningar um, hvernig fjallskilunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið slept. Sú kæra skal koma brjeflega til oddvita innan 4 vikna frá fjallskilafundi (sbr. 19. gr.). Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kærana og sendir kæranda eftirrit af úrskurðinum. Úrskurði hreppsnefndar um fjallskilakærana má skjóta til sýslunefndar, og skal það gjört skriflega innan ársloka. Sýslunefndin leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Eindagi fjallskila er 30. september.

Enginn sá, er fjallskil eru lögð á, getur komist hjá að greiða þau á eindaga, þótt hann hafi kært yfir fjallskilaupphæðinni, og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndar. Ef sýslunefndin lækkar fjallskilin, skal endurgjalda gjaldþegin það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

19. gr. Um undirbúning fjallskila.

99

22. júlí

Hver hreppsnefnd heldur almennan fjallskilafund í sveit sinni, að minsta kosti viku áður en fjallleitir byrja. Til fundar þessa sje boðað með nægum fyrirvara, ef ekki er fastákveðinn fundardagur í þessu skyni. Á fundi þessum birtir hreppsnefndin alla sjerstaka tilhögun, sem höfð verður við fjallsöfnun í það sinn.

Oddvitar allra hreppsnefnda í Flóa- og á Skeiðum komi saman á afrjettarmálafund í ágústmánuði ár hvert. Í stað oddvita má þó senda annan mann, er hlutaðeigandi hreppsnefnd kys. Oddviti Hraungerðishrepps boðar til fundarins og ákveður stund og stað.

20. gr. Um fjallkonga.

Hreppsnefndir ráða fjallkonga, eða umsjónarmenn aðalleitanna, einn eða fleiri, eftir því sem til hagar á hverjum stað, og getur enginn, sem til þess er fær, skorast undan slíkum starfa. Fjallkongar fara eftir fyrirskipunum hreppsnefndanna, það er þær ná; en í afrjetti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi með alt, er að leitunum lýtur; þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rjetta. Þeir hafa og með ráði hreppsnefndar og hreppstjóra umsjón við rjettahöldin í aðalrjettum. Ef menn sýkjast í fjallleitum, ef slys verða, ef óvenjulegar hættur koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkongar, hvað til bragðs skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna, sem þeir treysta best. En eigi bera fjallkongar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rjett er að fjallkongar fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkongar ráða aðra umsjónarmenn við fjallsöfn, eftir því sem á stendur; og hafa þeir sömu skyldur og völd sem fjallkongar, það sem þeirra verkahringur nær. Ef fjallkongur eða leitarforingi fatlast, svo að hann getur ekki að staðið, þá kjósa leitarmenn annan í hans stað. Ef ágreiningur er, þá ræður afl atkvæða, og er sá rjett kjörinn, sem fleiri kjósa.

21. gr. Um fjallmenn.

Sjerhver maður, sem sendur er í fjallleitir, þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjallleita, segja til, hvern mann þeir láti fara. — Segir þá fjallkongur til, ef sá maður þykir eigi gildur, en hreppsnefnd sker úr, ef á greinir. Vilji viðkomandi eigi láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir hreppsnefndin fjallmann á hans kostnað. Alla fjallmenn skal senda að framan, og eigi má taka menn, er væntanlegir sjeu að norðan, gilda í neina leit.

22. gr. Um útbúnað fjallmanna.

Svo skulu fjallmenn vera útbúnir að hestum, hundum, mat, fatnaði, skó-

99 leðri og tjaldrúmi, sem hreppsnefnd ákveður og fjallkongur telur nægja; ella 22. júlí getur fjallkongur gert þá afturreka.

23. gr. Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í göngu, sem fjallkongur skipar honum, sje hann til þess fær, og smala vandlega svæði það, er hann skal leita. Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkongi sinum og öðrum þeim, er yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því, er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkongur með ráði fjallmanna sinna gert þá ræka; er þá svo á að líta, sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gert. Komi þetta fyrir í aðalfjallsafni, sendi þeir, er slíka menn hafa látið, svo og þeir, er eigi hafa látið þá menn, er þeim bar, menn í eftirsafn á þá staði afrjettarins, er þeir voru til settir. Vanti mann í eftirsafn eða eftirleit eða sje gjörður rækur áður en farið er úr byggð, þá skal kaupa annan mann í hans stað, ef unt er, á kostnað þess, er manninn átti að láta. Ef ekki er hægt að fá mann í hans stað, þá skal hlutaðeigandi greiða fullar bætur eftir mati hreppsnefndar og hljóta hinir, er eftirsafn eða eftirleit kosta, þá upphæð. Sje brotið svo vaxið, að sekt liggi við því, þá rennur hún í sveitar- eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brjótandi er í. Úrskurði fjallkongs og hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar og ræður hún þá úrslitum.

V. kafli.

Um fjallleitir.

24. gr. Um skyldu til fjallleita.

Skylt er hverjum hreppi að láta þrismala sinn afrjett á hausti hverju og oftár ef þurfa þykir.

25. gr. Um tilhögun á fjallleitum.

Svo skal til haga með leitir, sem venja hefir verið, nema hlutaðeigandi hreppsnefndum pyki ástæða til að breyta því; en þó mega þær breytingar eigi koma í bága við reglugjörð þessa nje við hagsmuni annara sveitarfjelaga. — Svo skal leitum haga, þar sem því verður við komið, að sem minstar misgöngur verði afrjetta á milli. Þá menn skal skipa í vönduðustu leitir, sem kunnugastir eru, og í hamragöngur þá sem til þess eru færir.

26. gr. Um leitartímann.

99

22. júlí

Leit skal á þeim tímum, sem venja hefir verið, og fara svo snemma, að leitarmenn, að öllu stórforfallalaus, verði komnir í aðalrjettir og skilarjettir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

27. gr. Um leitarstaði.

Þá staði skal leita, sem að fornu hefir verið, en þó má leita víðar ef hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þess þörf, og er enda skylt, ef víðar er von kindastöðva.

28. gr. Um fjölda leitarmanna.

1. Landið fyrir innan Fjórðungssand smali 6 menn, 2 úr Gnúpverjahreppi og 4 úr Flóa og Skeiðum. Skulu þessir menn sjerstaklega vel valdir.
2. Í norðurleitina milli Dalsár og Fjórðungssands senda Skeiða- og Flóahreppar sína 2 menn hver, en Gnúpverjahreppur 5.
3. Afrjettinn smali svo margir menn í aðalleit, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þörf á.
4. Í eftirsafn senda Skeiða- og Flóahreppar 3 menn hver, Gnúpverjahreppur 6, en Hrunamannahreppur 12.
5. Í þriðju leit (eftirleit) fara á afrjett Hrunamannahrepps 4 menn, á afrjett Gnúpverjahrepps 3 menn og á afrjett Flóa- og Skeiðamanna 3 menn.

Tölu leitarmanna í annari og þriðju leit má þó breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir þess þörf.

29. gr. Um tölu fjallkonga.

Á Hrunamannaafrjetti og Gnúpverjaafrjetti, hvorum um sig, er 1 fjallkongur í aðalleit, en á Flóamannaafrjetti 3 fjallkongar í þeirri leit: einn í Vesturleit, annar í Austurleit og þriðji í Skeiðamannaleit. Foringja í Norðurleit fyrir innan Fjórðungssand tiltekur hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Hún ákveður og foringja í norðurleitina milli Dalsár og Kisu. Foringja í norðurleit Flóamanna fyrir framan Fjórðungssand kjósa leitarmenn sjer sjálfir úr sínum flokki. — Í eftirsafni er 1 leitarforingi á hverjum afrjetti; á afrjettum Gnúpverja og Hrunamanna sjeu þeir tilteknir af hreppsnefndunum, en á Flóamannaafrjetti kosinn af leitarmönnum.

30. gr. Um norðurleitarmenn.

Af leitarmönnum fyrir innan Fjórðungssand gangi leitarmenn Gnúpverja í leit með sveitungum sínum, þá er kemur fram yfir Kisu. Af leitarmönnum

99. Flóa og Skeiða í sömu leit skulu 2 lausir við þá leit við Kisu og 2 við Dalsá. 22. júlí Þeir 2, sem lausir eru við Kisu, verða úr því norðurleitarmenn. Alt það fje, sem finst fyrir innan Dalsá, taka Gnúpverjar og Skeiðamenn og reka það fram afrjett Gnúpverja og ganga úr því í leit með Gnúpverjum, undir forustu fjallkongs þeirra. Norðurleitarmenn Flóamanna, þeir er fara inn að Kisu, smala aftur örfæin inn af afrjetti Flóa- og Skeiðamanna, undir stjórn þess manns, sem þeir kjósa sjer sjálfir. Að þeirri leit lokinni hitta þeir Flóamenn á Fit, og ganga síðan í lið með þeim.

31. gr. Um aðstoðarleitarmenn.

Til aðstoðar Gnúpverjum í aðalleit inn að Dalsá leggja Flóa- og Skeiðamenn 2 menn dulega og vel útbúna. Sömuleiðis fá Gnúpverjar í eftirsafni til aðstoðar 2 af eftirsafnsmönnum Flóamanna. Ennfremur leggja Flóa- og Skeiðamenn til 1 valinn mann í þriðju leit (eftirleit) á afrjett Gnúpverjahrepps. Á meðan fje má óhindrað renna af Flóa- og Skeiðaafrjetti á Hrunamannaafrrjett, leggur hver Flóahreppanna, svo og Skeiðahreppur, til Hrunamannahrepps leitastyrk 18 kr., er borgist í Reykjarjett ár hvert, með peningum.

32. gr. Um meðferð á annkrömuðu fje.

Þá er veikt fje eða annkramað finst í fjallleitum, skulu þeir, er fjallkongar ákveða, koma því lifandi til bygða, ef unt er, án þess að ganga mjög nærri því. Að öðrum kosti skal slátra því þegar í stað, við 2 votta, ef til næst. Gjöra skal það til alveg á sama hátt, sem vant er að gjöra til kindur heima. Fleygja skal innýflum, sjerstaklega galli og gori, en grafa niður sulli, ef þeir finnast, svo djúpt, að hundar nái ekki til þeirra. Kjöt, mör og gærur skal hirða, þvo og búa um sem best, að ryk eða hiti nái sem sist til þess, og reiða það síðan á trússahestum fjallmanna til rjetta, nema eigandi búi á leið þangað. Í rjettunum, eða heima hjá eigenda, skal afhenda það eiganda, eða öðrum áreiðanlegum manni, er lofar að koma því til skila. Ef eigandi þekkist ekki, eða býr í fjarska, skal afhenda það hreppstjóra þess hrepps, sem rjettir eru í, og selur hann það þá þegar, og gjörir síðan grein fyrir því sem andvirði óskilafjár. Af sjálfdaudum kindum og dýrbitnum skal hirða það, er nýtílegt þykir, og koma til skila á sama hátt, ef greinílegt mark er á; ella eignast sá, er finnur. Af hrossi er eigi skylt að hirða nema hana og ganglimi, ef óskemt er. Fjallkongar annast um alt þetta.

33. gr. Um mörkun dilka á afrjettum.

Þá er komið er saman með fjársafnið úr leitum á afrjetti, skulu fjallkongar láta eyrnamarka ómarkaða dilka undir ám, þar sem því verður við komið, með sama marki sem ærnar hafa.

34. gr. Um eftirleitartolla.

99

22. júlí

Eftirleitartollar eru: Í fyrstu eftirleit: af fullorðnu fje $\frac{1}{3}$ verðs, af lömbum $\frac{1}{2}$ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum $\frac{1}{4}$ verðs, af eldri hrossum $\frac{1}{8}$ verðs. Í annari eftirleit: af fullorðnu fje $\frac{1}{2}$ verðs, af lömbum $\frac{2}{3}$ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum $\frac{1}{3}$ verðs, af eldri hrossum $\frac{1}{6}$ verðs. Hryssur með folöldum teljast ásamt folöldunum sem eldri hross. Ekki hækka eftirleitartollar úr því, þótt fleiri eftirleitir sjeu farnar. Af heimtum fjenaði skal goldinn hálfur tollur. Verð fjenaðar skulu meta 2 óvilhallir matsmenn, sem hreppsnefndir tilnefna; en heimilt er bæði eftirleitarmanni og greiðanda tollsins að áfrýja mati þeirra til 4 yfirmatsmanna, er sýslumaður kveður. Matsmenn og yfirmatsmenn skulu tilteknir fyrirfram, og starfa kauplaust að því sem öðrum fjallskilum. Eftirleitartollar greiðast af andvirði skepnunnar ef eigandi spyrst ekki uppi, en ella sem annar fjárskilakostnaður af sveit eiganda. Hreppsnefndum er þó heimilt, hverri í sinni sveit, að leggja eftirleitartollana á eiganda, ef meiri hluti fjárskilaskyldra hreppsbúa óskar þess.

Fje úr eftirleitum skal vera tolllaust til allra þeirra, er búa á svæði því, sem reglugjörð þessi nær yfir.

35. gr. Um björgun og bjarglaun.

Skylt er sjerhverjum, sem verður var við, að fje sje komið í sveltí í hömrum í landareign hans eða annarsstaðar, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda eða hann þekkist ekki, að því sje bjargað, ef unnt er, og ber þeim, er bjargar, borgun fyrir það af eiganda eða andvirði skepnunnar eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er björgun fer fram í; og sje það í afrjetti, þá í þeim hreppi sem næstur er.

36. gr. Um sæluhús.

Svo skulu vera mörg sæluhús til skýlis eftirleitarmönnum á afrjetti hverjum og svo útbúin, sem vanir eftirleitarmenn og aðrir kunnugir menn álita nauðsynlegt. Hreppsnefndir annast um byggingu og viðhald þeirra, og skal sá kostnaður, sem af því leiðir, annaðhvort borgast með fjallskilum, eða vera tekinn úr sveitarsjóði þeirra hreppa, er afrjettinn eiga. Sjerhver sá, sem þess verður var, að sæluhús þurfi aðgjörðar, gjöri hlutaðeigandi hreppsnefnd aðvart um það. Eftirsafnsmenn skulu á haustum víða að sæluhúsum hrísi eða lurkum, ef hægt er. Hver, sem um sæluhús gengur, skal jafnan læsa því, er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern, að hann hafi gengið hirðulauslega um sæluhús, eða skemt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu. Hafi það verið gjört af keksni eða öðrum illum hvötum, varðar það auk þess sektum, nema þyngri hegning liggi við.

VI. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

37. gr. Um skiftingu á rjettum.

Rjettir (lögrjettir) eru þrennskónar: 1. aðalrjettir, 2. skilarjettir og 3. aukarjettir. Aðalrjettir eru þær, sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilarjettir eru þær, sem rekin eru til eftirsöfn, eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukarjettir eru þær, sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit.

38. gr. Um aðalrjettir.

Aðalrjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp hjá Reykjadalaskoti; fyrir Gnúpverjahrepp hjá Skaftholti (Skaftholtsrjett); fyrir Skeiða- og Flóahreppa hjá Reykjum (Reykjarjett).

39. gr. Um skilarjettir.

Skilarjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrjett þess hrepps; fyrir Gnúpverjahrepp í Skaftholtsrjett; fyrir Skeiða- og Flóahreppa í Dælarjett í Villingaholtshreppi.

40. gr. Um aukarjettir.

Aukarjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrjett þess hrepps; fyrir Gnúpverjahrepp í Skaftholtsrjett; fyrir Skeiðahrepp á Hlemmiskeiði; fyrir Villingaholtshrepp í Vælugerði; fyrir Gaulverjabæjarhrepp í Gaulverjabæ; fyrir Hraungerðishrepp í Hraungerði; fyrir Sandvíkurhrepp í Litlu-Sandvík; fyrir Stokkseyrarhrepp á Syðra-Seli.

41. gr. Um viðhald á rjettum.

Viðhald á öllum rjettum hvílir á þeim, er þá rjett sækja, eftir rjetttri til-
tölu. Skal sýslunefndin hafa umsjón með Reykjarjett og Dælarjett, en hrepps-
nefndirnar í hinum hreppunum hver með þeirri rjett, sem þar er. Þó má kæra
það fyrir sýslunefnd, ef þeim er ekki vel viðhaldið, og heldur hún þá hlutað-
eigendum til þess. Til þess að rjettir sjeu í góðu standi, heyrir það, að þær sjeu
nægilega rúmgóðar og lögulegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir, og að
ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sjer í lagi ekki í almenningsrjettinni.
Dilkar sjeu einnig í sama standi. Grind sje í almenningsdyrum og hurð í öllum
dilkdyrum. Við hverjar aðalrjettir og skilarjettir skulu utansveitarhreppar þeir,
er þar eiga fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gjörða, er reka megi í
fje þeirra. Skulu hlutaðeigendur sjálfir annast um viðhald þeirra eftir fyrirsögn
hreppsnefndar í þeim hreppi, er rjettin stendur í. Þeir, sem leigðan fá afrjett

annarstaðar en á sínum afrjetti, sjái sjer sjálfir fyrir nægilegu dilkrúmi; en hreppsnefnd í þeim hreppi, sem rjettin er í, vísar á stað ef byggja þarf nýjan dilk, eða rjettarbóndi fyrir hennar hönd, sömuleiðis hvar taka má byggingarefni. Rjettarbóndi hefir, að því leyti sem unt er, eftirlit með því, að rjettir sjeu ekki að óþörfu skemdar. Skemdir á rjettum varða bótum og sektum. 99 22. júlí

42. gr. Um rjettafærslu.

Þar skulu rjettir vera, sem nú eru, nema meiri hluti þeirra búenda, er rjett eiga að sækja, vilji flytja hana. Þó má ekki flytja aðalrjettir fjær afrjetti en nú eru þær, svo að neinu verulegu muni. Til rjettarflutnings þarf og samþykki landeiganda þess, er byggja á hjá, svo og sýslunefndar, ef um aðalrjettir eða skilarjettir er að ræða.

43. gr. Um rjettatimann.

Aðalrjettir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar fimtudaginn í 23. viku sumars, en aðalrjettir Skeiða- og Flóamanna daginn eftir. Skilarjettir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar laugardaginn í 24. viku sumars. Dælarjettir eru tvennar: Fyrri Dælarjett mánudaginn í 24. viku sumars, en síðari Dælarjett síðasta sumardag; en þá er sumarauki er, rjetti viku fyr. Aukarjettir eru haldnar, þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa.

44. gr. Um smölun til rjetta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir allar skilarjettir og reka úrgangsfje til rjetta. Smölun fer fram:

1. Til skilarjetta í Hreppunum: daginn fyrir þær.
2. Til fyrri Dælarjettar: um allan Flóa- og Skeið laugardaginn næstan á undan henni.
3. Til síðari Dælarjettar: í öllum hreppum milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) miðvikudaginn næstan á undan henni.

45. gr. Um rjettun afrjettafjár og bygðasafns.

Undir eins og fje kemur af afrjetti, skal rjetta því:

1. Aðalsafni af afrjetti Hrunamannahrepps í rjett þess hrepps.
2. Aðalsafni af afrjetti Gnúpverjahrepps í Skaftholtsrjett, ásamt safni Skeiðamanna og svo miklu úr Austurleit, sem við verður komið, a. m. k. fyrir sunnan Bergólfsstaða og Brunaskógarhæð.
3. Aðalsafni af Flóamannaafrrjetti í Reykjarjett.
4. Eftirsafni af afrjetti Hrunamannahrepps í rjett þess hrepps.
5. Eftirsöfnum af afrjettum Gnúpverja, Flóa- og Skeiðamanna ásamt bygðasöfn.

- 99 um af uppbæjum Gnúpverjahrepps, fyrst í Skaftholtsrjett, þá í Reykjarjett og
22. júlí síðan í fyrri Dælarjett.

46. gr. Um dráttarskyldu í rjettum.

Skylt er hverjum fjäreiganda, eða þeim, sem á fjárvon í rjettum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fje sitt, bæði í aðalrjettum og skilarjettum, þar á meðal báðum Dælarjettum, og hirða þar að loknum rjettum það fje, er þeir eiga. Öllum, sem afrjettarnot kaupa, er skylt að láta draga fje sitt í aðalrjett hlutaðeigandi sveitar, og óheimilt er þeim að láta það ganga ódregið í úrgangi til annarar rjettar.

47. gr. Um lögreglu í rjettum.

Allir, sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fje í rjettum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir, sem í rjettir koma, skulu hegða sjer þar síðsamlega á allan hátt og engar óspektir gjöra, svo og varast að tefja þá, sem þar eiga að starfa að því að hirða fjeð, nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongar í aðalrjettum og hrepps efndir, eða þeir hreppsnefndarmenn, sem sjerstaklega hafa slíkt á hendi, í öllum rjettum, skulu sjá um, að alt fari fram með reglu, er lýtur að hirðingu fjárins; en önnur lögregla hvílir á sýslumanni og hreppstjórum. Skylt er sýslumanni að vera í aðalrjett Flóamanna, til að halda þar reglu. En geti hann það ekki vegna embættisanna, eða annara lögmætra hindrana, setur hann annan mann í sinn stað, og tilkynnir það í tíma viðkomandi hreppsnefndum eða birtir það almenningi. Í öllum öðrum rjettum ber hreppstjórum að halda lögreglu, nema sýslumaður hafi í tíma kvatt til þess annan og tilkynt það í tíma hlutaðeigendum.

48. gr. Um úrgangsfje úr rjettum.

1. Úrgangsfje úr öllum rjettum nema 1., 2. og 3. Skaftholtsrjett selja hlutaðeigandi hreppstjórar að afloknum rjettum.
2. Úrgangsfje úr aðalrjett Gnúpverjahrepps hirða Skeiðamenn, er úr fjallreið koma, og reka til Reykjarjettar. Ef Kálfá er í vexti, er Gnúpverjahrepps mönnum skylt að hjálpa þeim með reksturinn yfir hana.
3. Úrgangsfje úr skilarjett Gnúpverjahrepps reka eftirsafnsmenn Flóa- og Skeiðamanna til fyrri Dælarjettar.

49. gr. Um ómarkað sauðfje í rjettum.

Ómerkinga alla, er koma af afrjettum, eða koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrjetta. Gera skal þar, með umsjón hreppstjóra, tilraunir til þess, að

lambsmæður helgi sjer ómarkaða dilka. Þá ómerkinga, sem enginn getur helgað sjer, eða sannað eignarrjett sinn á með óbrigðulum einkennum, eignast rjettarbændur. Þó mega rjettarbændur í Skaftholti og Reykjadalaskoti eigi leggja eign sína á ómerkinga úr 1. rjett, fyr en þeir hafa verið látnir ganga til 1. aðalrjettar á Reykjum og eigi gengið þar út, þá er sala byrjar á úrgangsfje á laugardaginn. En rjett er að þeir auðkenni sjer þá áður en þeir ganga til Reykjarjettar, svo að þeir geti aftur tekið þá þar, ef þeir hafa ekki gengið þar út. Eigi getur rjettarbóndi á Reykjum heldur eignast ómerkinga úr 1. rjett fyr en á sömu stundu sem fyr er nefnd. Um eldri ómerkinga, sem kunna að koma fyrir í lögrjettum, fer sem um ómörkuð lömb. Um marklaust fje og kalineyrt fer sem annað ókila-fje og sömuleiðis um ómerkinga, sem koma fyrir eftir veturnætur.

VII. kaflí.

Um fjármörk og marklýsingar á óskilafjenaði.

50. gr. Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn á fjenaði þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornmörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fje, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins, að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekara en þörf gjörist, og hefir sýslunefnd rjett til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náð öðrum í sama afrjettarfjelagi, skal breyta marki sínu. Erfðamark ræður meira en nýupptekið mark að öðru jöfnu. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá, og prenta hana að minsta kosti á 10 ára fresti. Annæst sýslunefnd um það, og tekur borgun fyrir hvert mark, er eigi sje minna en 10 aurar og eigi meira en 50 aurar; rennur það í sýslusjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyrt. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hreppsrennimark á fje sínu, eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind sem er með hornum, áður en henni er slept eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fódruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, 10 aura fyrir hverja kind, ef út af er brugðið. Þau mörk, sem tekin eru upp, eða mörk þeirra, sem flytja inn í sýsluna milli þess að markarskrár eru prentaðar, skal prenta í Lögbirtinga-blaðinu, en jafnframt senda þau sýslumanni, er árlega fyrir rjettir sendir þau öllum hreppstjórum, en þeir auglýsa þau sveitungum sínum, til þess að þeir geti ritað þau á eyðublöð aftan við markaskrár sínar. — Skytt er að marka hross glöggu marki.

51. gr. Um markalýsingar.

Allir hreppsstjórar rita markalista yfir það óskilafje, sem þeir selja, og senda þá til birtingar í alla hreppa milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár), svo og í Grímsnes- og Biskupstungnahreppa.

Yfir alt það fje, er hreppstjórar fyr eða síðar á haustin hafa selt við almennum uppboð, og ekki hefir spurst eigandi að, semja þeir markalista og senda þá einum manni, er sýslunefnd hefir tilnefnt, eigi síðar en fyrir árslok; en hann annast um, að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr ytri hluta sýslunnar, verði prentuð í einu lagi og í rjettri röð í Lögbirtingablaðinu, eigi síðar er fyrir lok næsta febrúarmánaðar.

52. gr. Um samningu og meðferð á markalistum.

Markalistar skulu gjörðir svo glöggir og greinilegir, sem unnt er, skrifadír með skýru bleki og á sterkan pappír, svo að þeir sjeu vel læsilegir og þoli kvöl nokkurt. Allir, sem með þá fara, skulu fara gætilega með þá og flýta sem mest fyrir umburði þeirra. Hreppstjórar skulu sjá um, að þeir komist einkum í þeirra hendur, sem markleggstir þykja.

53. gr. Um borgun fyrir marklýsingar.

Fyrir að semja og senda markalista skal greiða hreppstjórunum í Skeiða- og Villingaholtshreppum borgun, eftir reikningi, er sýslumaður samþykkir. Aðrir hreppstjórar semja sína markalista borgunarlaust. Fyrir samningu aðalmarkalistans á óskilafje, sem prentaður er í Lögbirtingablaðinu, má borga á sama hátt. Kostnað þenna, ásamt prentunarkostnaði aðalmarkalistans, skal taka af andvirði hins selda fjár, ef nokkuð verður, en ella af sýslusjóði. Allir reikningar hjer að lútandi skulu lagðir fyrir sýslunefndina.

54. gr. Um meðferð á óskilahrossum.

Óskilahross skal reka til aðalrjetta og skilarjetta. Þau hross, sem ekki ganga þar út, skal hreppsnefnd koma í gæslu, gegn hæfilegri þóknun, er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa, sem helst geta verið líkur til, að hrossin sjeu úr. Verði þau ekki gengin út eftir 3 vikur, skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð, er auglýst sje í þeirri sveit og næstu sveitum með nægilegum fyrirvara. Síðan lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaðinu með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs og eigandi þekkist ekki að, eða býr utanhrepps, þótt þekktur sje, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún, ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur

ókilahross. Hreppsnefndum er heimilt að láta halda hrossarjett haust og vor, þá er þeim þykir þurfa.

99
22. júlí

Andvirði óskilahrossa: sem enginn getur helgað sjer innan þess tímatakmaks, sem ákveðið er í 55. gr., rennur í sveitarsjóð þar, sem gripirnir koma fyrir.

55. gr. Um útlausnarrjett og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Missirisútlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfje. Hross falla eiganda meðan úrlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði seldra kinda og gripa fá eigendur alt til septembermánaðarloka árið eftir að selt er, að frádregnum öllum kostnaði.

56. gr. Um ómarkað fje og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim, sem fyrir koma eftir aðalrjettir og og skilarjettir, nje heldur því fje, sem er svo kalineyrt, eða brunnið á eyrum, soramarkað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gjört úr markinu, og skal það alt selja sem óskilafje. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar að kostnaði frádregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfje.

57. gr. Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði þess óskilafjár, sem kemur úr eftirleitum og ekki gengur út, rennur óskift til þeirra hreppa, er eftirleitir annast. En það af andvirði annars óskilafjár, sem enginn getur helgað sjer innan hins ákveðna tíma og eigi hefir gengið í markalýsingakostnað, rennur í sveitarsjóði hreppanna þannig, að Hrunamannahreppur fær óskift andvirði óskilafjár, sem þar er selt, en andvirði þess, sem selt er í öðrum hreppum á svæði því, er reglugjörð þessi nær yfir, skiftist milli þeirra eftir fjárframtali. Skulu hreppstjórar í þeim hreppum senda peningana sýslumanni eigi síðar en fyrir árslok næst eftir að greiðslufresturinn er útrunninn (sbr. 55. gr.), en hann skiftir þeim og stendur hlutaðeigandi sveitarsjóðum skil á andvirðinu eigi síðar en á næstu manntalsþingum. Með samþykki sýslunefndar má verja meira eða minna af fje þessu óskiftu til að greiða einhvern þann kostnað, er stafar af fjárskilum og varðar alla hlutaðeigandi hreppa.

VIII. kaflí.

Um almenningssmalanir og millirekstra.

58. gr. Um vorsmalanir.

Tvisvar á vori hverju skal smala allan Flóa og Skeið á sama tíma, föstudagana í 5. og 8. viku sumars, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, hvernig fje skuli rekið á milli og komið sem best til skila. Rjettahöld geta þær og fyrirskipað, ef það þykir henta, og ráða þá allri tilhögun þeirra. Í Hreppunum skal svo oft smalað og rekið á milli, sem hreppsnefndirnar fyrirskipa, og rjettir geta þær á sama hátt látið halda, ef ástæða þykir til.

59. gr. Um óskilafje á vorin.

Ef ekki eru fastákveðnir fráfarudagar í Hreppunum, skulu þeir, er fyrstir færa frá, tilkynna það hreppsnefndunum, er þá fyrirskipa almenna smölun. Það óskilafje, sem þá kemur fyrir, skal reka til rjetta. Innansveitarmenn hirða þar fje sitt, en utansveitarfje sje beint til fjalls, ef það er fjallfje og úr ull, en ella áleiðis heim til eiganda. Ef hreppsnefndunum sýnist, geta þær látið reka utan-sveitarfjallfje, sem er úr ull, á afrjett hlutaðeigandi sveita, á þann stað, sem þeim þykir hentugast. Hirða skal ull af óskilafje og marka lömb undir ám, gegn hæfilegri þóknun. Sje vafi á um eiganda, skal þeim, er markar, skylt að geta gert grein fyrir mörkuninni, ef á þarf að halda. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, að því leyti sem þau eiga við, í Skeiða- og Flóahreppum gagnvart þeim, er neðar búa.

60. gr. Um haustsmalanir.

Eftir veturnætur skal almenn smölun fara fram í öllum hreppum annan hvern þriðjudag, þar til er fje er tekið á gjöf, og jafnframt daginn áður á öllum fjallajörðum. Skal þá hver bóndi halda öllu því sauðfje og hrossum, sem aðrir eiga í landi hans, til rjettarinnar í hreppnum, og því rjettað þar, smaladagana í Skeiða- og Flóahreppum, en daginn eftir í Hrunamanna- og Gnúpverjahreppum.

Fyrsta smölun eftir veturnætur fari fram þriðjudaginn annan í vetri.

61. gr. Um skil á fjenaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun vor og haust, og halda öllu fje annara sem best til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningssmölun, hefir hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta framkvæma hana, hvorttveggja á hans kostnað. Sje einhver svo mannfár, að hann geti ekki af eigin rammleik smalað heimaland

sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáan- **99**
legur er, á hans kostnað, nema því að eins, að sveitarfjlagið vilji styrkja til 22. júlí
þess ókeypis. Öll visvitandi vanskil á fjenaði varða sektum, nema þau sjeu svo
vaxin, að þyngri refsing liggi við.

62. gr. Um meðferð á fjenaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta, hvenær sem fje er smalað eða rekið á milli, rjettað eða geymt, að fara svo vel með fjeð, sem framast er unt: eigi hand-
leika það eða kvola meir en þörf gjörist, eigi láta það standa inni í sveltum nema
sem skemst, eigi láta vera of þröngt um það, nje fara svo með það á annan
hátt, sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyndingar ber að
meta sem illa meðferð á skepnum.

63. gr. Um óþrif í fjenaði.

Ef vart verður við einhver ískyggileg óþrif í fjenaði, skal þegar taka
það frá öðrum fjenaði og tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, er þá lætur rann-
saka það, og segir sýslumanni til, ef hætta þykir á ferðum.

IX. kaflí.

Um rekstra á sölufje.

64. gr. Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir
og vel útbúnir. En það telst nægileg tala, ef 2 menn reka alt að 100 fjár, 3
menn alt að 200 fjár og 4 menn alt að 400 fjár, og svo fleiri menn eftir líkri
tíltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri; en ekki mega þeir jafnframt hafa
annað á hendi, ef ekki er betur ment. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2
rekstrarmenn, hversu fátt sem rekið er. Þó má einn maður reka, ef ekki eru
reknar nema 15 kindur; þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem
rekstur er úr, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafid verður.

65. gr. Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfir-
maður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á
því gagnvart þeim, er kynnu að kæra; en aðgöngu á hann aftur að samrekstrar-

99 mönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvíllir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, er brotið er svo vaxið, að það á undir almennt hegningarlög.

66. gr. Um rekstrarmark.

Alt fje í sölurekstrum skal vera auðkent með ákveðnu rekstrarmarki, er sje svo glögt að það sjáist tilskyndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki ekki af, þótt votviðri gangi, og sje samskonar rekstrarmark á öllum kindum í sama rekstri.

67. gr. Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má æja í slægjulöndum meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill, hvort heldur er í bygð eða óbygð.

68. gr. Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því að dimt er orðið. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

69. gr. Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur, og skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í bygð er, fyr en búíð er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorast undan slíkri rannsókn, sem til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það tekur ekki upp yfir 2 klukkustundir; ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgöngu eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki verið sjálfum um að kenna.

70. gr. Um talningu á rekstrum.

99

22. júlí

Telja skal fjeð í rekstrunum hvenær sem viðstaða verður, svo að fjeð dreifi sjer nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fje í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það sem vantar. En ef fleira fje er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rjetta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í áthaga sína, eigendum að skaðlausu.

71. gr. Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaus, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það sektum að auki, 1—5 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, til sveitarsjóðs þess hrepps, sem land á þar sem brot er framið, nema því að eins, að brotið eigi undir almenn hegningarlög.

X. kafli.

Almenn ákvæði.

72. gr. Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum, sem eigi er minst á í þessari reglugjörð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu hreppsnefndir ráða því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó svo, að það komi ekki í bága við landslög nje reglugjörð þessa, nje skerði skýlausan rjett annnara sveitarfjelaga. Bera skulu hreppsnefndir þau atriði, er að þessu lúta, og þær hafa ástæðu til að ætla, að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni koma í bága hverir við aðra. Þó getur hún veitt leyfi til, að hjer að lútandi mál, sem að lögum bera undir hana, sjeu lögð í gjörð. Stjórnarráðið ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

99
22. júlí

73. gr. Um sektir og málssóknir.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—100 kr. sektum, sbr. þó 50. og 71. gr. Uppljóstrarmenn eiga heimtingu á fjórðungi sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Ef brotið er framið í afrjetti, skal svo líta á, sem brotið sje í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrjetti, sbr. þó 23. gr.

74. gr. Um ógildingu eldri ákvæða.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin fjárskilareglugjörð 5. ágúst 1902 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvitár (Ölfusár) í Árnessýslu, svo og reglugjörðir 24. júní 1904 og 5. febrúar 1910 um breytingu á þeirri reglugjörð.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.